

Þingsályktun

um samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034.

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, að fram til ársins 2034 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við áætlun þessa sem felur í sér:

- stefnu í samgöngumálum og helstu markmið sem vinna skal að,
- skilgreiningu á grunnneti samgöngukerfisins sem nær til alls landsins og er ætlað að tryggja landsmönnum greiðar samgöngur,
- áætlun um fjáröflun til samgöngumála,
- yfirlit um útgjöld til allra helstu þátta í rekstri samgöngustofnana, svo og viðhalds, öryggismála og nýframkvæmda á sviði flugmála, siglingamála og vegamála. Fjárhæðir eru á verðlagi fjárlaga fyrir árið 2020 og eru í milljónum króna.

Áætlun þessi taki mið af og verði hluti af heildstæðri samþættri stefnu í samgöngumálum, fjarskiptamálum, byggðamálum og málefnum sveitarfélaga og gerð í samræmi við samþykktar áætlanir á vegum Alþingis og ríkisstjórnar.

1. FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ

Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmæta-sköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi byggðir landsins og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.

Meginmarkmið áætlana í samgöngu- og sveitarstjórnarmálum:

- Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins.
- Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög verði um land allt.

Fjarveitingar til einstakra málaflokka og tímasetning, svo og til einstakra verkefna sem áhersla er lögð á að komist til framkvæmda á áætlunartímabilinu 2020–2034, byggist á framangreindum meginmarkmiðum ásamt áherslum ráðherra og ríkisstjórnar.

2. MARKMIÐ OG ÁHERSLUR

2.1. Markmið um greiðar samgöngur.

Stefnt verði að því að samgöngukerfi landsins myndi eina samþætta heild sem þjóni íbúum og atvinnulífi sem best. Aðgengi fólks að þjónustu og vörum verði tryggt og hreyfanleiki bættur.

Búsetugæði verði aukin með því að bæta samgöngur innan og milli skilgreindra vinnu-sóknarsvæða og stækka þau þar sem hægt er.

Uppbygging og rekstur samgangna stuðli að eflingu atvinnulífs innan og milli landshluta. Áherslur til að ná þessum markmiðum:

Almennar áherslur:

- 2.1.1 Þjónusta í grunnnetinu verði bætt, m.a. með því að nýta tæknilausnir, þ.m.t. á sviði upplýsingatækni.
- 2.1.2 Gáttir landsins verði vel skilgreindar og styrktar.
- 2.1.3 Aðgengi fólks með fötlun að mannvirkjum og þjónustu samgöngukerfisins verði eins og best verður á kosið.
- 2.1.4 Samgöngukerfið taki tillit til þarfa ferðaþjónustunnar, m.a. vegna markmiða um dreifingu ferðamanna um landið. Sérstaklega skuli hugað að vetrarþjónustu á vegakerfinu.

Uppbygging og rekstur samgöngukerfisins:

- 2.1.5 Allar helstu stofnleiðir og tenging þeirra við þéttbýli með fleiri en 100 íbúa verði með bundnu slitlagi og viðunandi burðarþoli.
- 2.1.6 Áfram verði unnið að lagningu á bundnu slitlagi á umferðarlitla vegi sem hafa viðunandi burðarþol þrátt fyrir að veghönnun sé að einhverju leyti ábótavant.
- 2.1.7 Unnið verði að þróun stofnvegakerfis höfuðborgarsvæðisins í samvinnu við sveitarfélögin til að auka öryggi og bæta umferðarflæði.
- 2.1.8 Viðhald stofnvega á hálendi og endurbætur á þeim beinist að því að auka öryggi og koma í veg fyrir akstur utan vega.
- 2.1.9 Einbreiðum brúm á umferðarmestu vegum landsins verði fækkað.
- 2.1.10 Þjónusta á vegum verði forgangsraðað með hliðsjón af umferð.
- 2.1.11 Miða skuli við að Reykjavíkurlugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á full-nægjandi hátt á meðan annar jafn góður eða betri kostur er ekki fyrir hendi.
- 2.1.12 Greiðsluþátttöku ríkisins í hafnarframkvæmdum verði forgangsraðað annars vegar í þágu öryggis og hins vegar í þágu atvinnusköpunar.

Flutningar og tenging við gáttir:

- 2.1.13 Flutningaleiðir á landi og sjó verði skilgreindar. Vegir skilgreindir með áherslu á nægjanlegt burðarþol, næga breidd og bundið slitlag.
- 2.1.14 Rannsóknir sem varða hafnir og siglingaleiðir verði eflidar.
- 2.1.15 Í samgönguáætlun verði gerð grein fyrir stefnu í siglinga- og hafnamálum sérstaklega.
- 2.1.16 Til sé öflugt kerfi flugvalla sem svari þörfum þjóðarinnar.
- 2.1.17 Keflavíkurlugvöllur verði áfram öflugur alþjóða- og tengiflugvöllur sem standist samanburð við bestu flugvelli erlendis og mæti þróun millilanda- og tengiflugs.
- 2.1.18 Stuðlað verði að reglubundnu millilandaflugi um fleiri alþjóðaflugvelli en Keflavíkurlugvöll með hvatakerfi og öðrum aðgerðum sem til þess henta.

Almenningssamgöngur milli byggða:

- 2.1.19 Leitast verði við að jafna vægi ferðamáta í þéttbýli með það að markmiði að stuðla að breyttum ferðavenjum.

- 2.1.20 Áfram verði unnið að auknum forgangi almenningsgangna í umferðinni með gerð sérreina, forgangi á umferðarljósum og öðrum aðgerðum.
- 2.1.21 Íbúar landsbyggðarinnar eigi kost á að komast til höfuðborgarsvæðisins á um 3,5 klst. samþættum ferðatíma, akandi, með almenningsvagni, ferju og/eða í flugi.
- 2.1.22 Unnið verði að því að efla almenningsgöngur milli byggða með því að gera þjónustuna aðgengilegri og meira aðlaðandi fyrir notendur.

Gangandi og hjólandi:

- 2.1.23 Áfram verði stutt við gerð stofnstíga gangandi og hjólandi í þéttbýli og milli þéttbýlisstaða.
- 2.1.24 Leitast verði við að gera hjólreiðar og göngu að greiðum og öruggum ferðamáta.

Tækniþróun:

- 2.1.25 Samgönguyfirvöld fylgist með tækniþróun og innleiðingu tæknilausna í samamburðarlöndum, taki þátt í mótun þeirra og stuðli að innleiðingu þegar þær verða hagkvæmar.
- 2.1.26 Farnettssamband verði tryggt á þjóðvegum, fjölsóttum ferðamannastöðum og við strendur landsins.
- 2.1.27 Innviðir, þ.m.t. fjarskiptanet, styðji nýtingu upplýsingatækni, m.a. við umferðarstjórnun, miðlun upplýsinga um aðstæður, innheimtu notenda- og veggjalda, samskipti milli ökutækja og við innviði.
- 2.1.28 Lagaumhverfi og innviðir taki tillit til aukinnar sjálfvirkni farartækja.
- 2.1.29 Fjarskiptatækni verði nýtt í auknum mæli til að miðla upplýsingum til notenda um leiðir og aðstæður í lofti, á láði og legi.

Samgöngusáttmáli:

- 2.1.30 Stuðlað verði að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta. Leitað verði leiða til að dreifa umferðarálagi með markvissum hætti og bæta þannig nýtingu allra innviða.
- 2.1.31 Unnið verði að því að tryggja skilvirka framkvæmd Samgöngusáttmála og trausta umgjörð verkefnisins, m.a. með því að skilgreina samstarfsform, kostnaðarskiptingu og ábyrgð á tilteknum aðgerðum og fjármögnunarleiðum.

2.2. Markmið um öruggar samgöngur.

Öryggi verði haft til hliðsjónar við allar ákvarðanir, áherslur og aðgerðir í samgöngumálum óháð ferðamáta. Markmið allra öryggisaðgerða snúist um að vernda mannlíf og að Ísland standi jafnfætis þeim ríkjum er fremst standa í öryggismálum.

Áherslur til að ná þessum markmiðum:

Almennar áherslur:

- 2.2.1 Unnið verði eftir samræmdum öryggisáætlunum allra samgöngugreina og gerðar aðgerðaáætlanir til fimm ára fyrir hverja samgöngugrein með mælanlegum markmiðum og árangursmælikvörðum.
- 2.2.2 Fyrir liggi mat á öryggishlutverki flugvalla, hafna og vega, m.a. með tilliti til ófyrirséðra atburða, svo sem náttúruhamfara.

- 2.2.3 Hvatt verði til þess að fyrirtæki og stofnanir komi sér upp virkum öryggisstjórnunarkerfum á öllum sviðum samgangna.
- 2.2.4 Slyss, óhöpp og öryggisatvik í flugi, siglingum og umferð verði skráð og greind og upplýsingarnar nýttar til ráðstafana sem auka öryggi.
- 2.2.5 Skráning samgönguslysa og annarra atvika verði bætt og samræmd.
- 2.2.6 Trúverðugleiki Íslands verði tryggður með því að landið standist allar úttektir alþjóðlegra stofnana á öryggi í samgöngum.
- 2.2.7 Eftirlit og tíðni eftirlits með leyfishöfum taki mið af áhættu og frammistöðu þeirra í öryggismálum.

Markmið flugöryggisáætlunar:

- a. Ísland verði í hópi þeirra fimm fremstu Evrópuþjóða þar sem fæst flugslys verða miðað við flugtíma og fjölda hreyfinga.
- b. Flugslysum og alvarlegum flugatvikum í áætlunar- og leiguflugi fækki um 3% til ársins 2024.

Markmið siglingaöryggisáætlunar:

- a. Öryggi íslenskra skipa, áhafna og farþega verði treyst og aukið þannig að enginn látist í sjóslysum eða hið minnsta að ekki látist fleiri en einn á ári í sjóslysum að jafnaði á tímabilinu.
- b. Slysum á sjómönnum fækki um 5% á ári.

Markmið umferðaröryggisáætlunar:

- a. Ísland verði meðal fimm fremstu Evrópuríkja hvað varðar færri dauðsföll og alvarlega slasaða í umferðinni á hverja 100 þúsund íbúa.
- b. Dauðsföllum af slysförum í umferðinni og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári.

Börn og samgöngur:

- 2.2.8 Hafin verði vinna við að greina stöðu barna og ungmenna í samgöngum með það að markmiði að stefnumótun í samgöngumálum taki mið af þörfum þeirra.

Almenningssamgöngur milli byggða:

- 2.2.9 Miða skuli við að þeir innviðir sem leiðakerfi almenningssamgangna liggur um séu í forgangi þegar kemur að vetrarþjónustu. Við allar framkvæmdir og viðhaldsvinnu sé tekið sérstakt tillit til almenningssamgangna og leitað leiða til þess að truflun á þjónustunni verði sem minnst.
- 2.2.10 Tryggja skuli að farartæki í heildstæðu almenningssamgöngukerfi séu eins örugg og unnt er. Öryggisútbúnaður farartækja fylgi tækniþróun og sé ávallt í fremstu röð.

Flug:

- 2.2.11 Flugöryggi á Íslandi verði áfram tryggt.
- 2.2.12 Aukin notkun ómannaðra loftfara veiki ekki flugöryggi hér á landi.
- 2.2.13 Flugvernd á Íslandi verði áfram tryggð.
- 2.2.14 Unnið verði að því að tryggja aðgengi samgangna að öruggri og skilvirkri gervi-hnattaleiðsögu, þar á meðal á flugvöllum.

Samgöngusáttmáli:

- 2.2.15 Uppbygging samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt Samgöngusáttmála verði til þess að stuðla að auknu umferðaröryggi og mikilli fækkun slysa.

2.3. Markmið um hagkvæmar samgöngur.

Stefnt verði að því að auka hagkvæmni í samgöngum fyrir notendur og samfélagið. Staðið verði að framkvæmdum, viðhaldi og þjónustu með skilvirkum hætti og fjármunir nýttir á eins hagkvæman hátt og unnt er.

Áherslur til að ná þessum markmiðum:

Almennar áherslur:

- 2.3.1 Leitað verði hagkvæmstu lausna í uppbyggingu og rekstri samgöngukerfisins.
 2.3.2 Verðlagning á samgöngum verði gagnsæ og endurspegli kostnaðinn sem þeim fylgir.
 2.3.3 Litið verði á samgöngukerfið sem eina heild. Nýir innviðir verði skipulagðir og þeim forgangsraðað með hliðsjón af niðurstöðum faglegra greininga.
 2.3.4 Áfram verði unnið að greiningu og rannsóknum með það að markmiði að aðkoma ríkisins í útgjöldum og skattlagningu stuðli að auknu jafnræði milli flutningsmáta.

Upplýsingatækni og rafræn stjórnsýsla:

- 2.3.5 Rafræn þjónusta verði eflð í stjórnsýslu samgöngustofnana.
 2.3.6 Fjarskiptaaðstaða í eigu og rekstri opinberra aðila verði kortlögð með hagkvæmni í rekstri og þjónustu að leiðarljósi.
 2.3.7 Aðgengi verði aukið að gögnum í eigu opinberra aðila og einkaaðila sem stuðlað geta að bættum samgöngum.

Hagkvæmir ferðamátar og álagsdreifing:

- 2.3.8 Unnið verði að greiningu og rannsóknum á hagkvæmni og afkastagetu samgönguinnviða.
 2.3.9 Ferðavenjukönnun fyrir landið allt verði unnin á minnst þriggja ára fresti.

Fjármögnun framkvæmda:

- 2.3.10 Áfram verði skoðaðar fjölbreyttar leiðir til fjármögnunar stórra framkvæmda, m.a. í samstarfi við einkaaðila og með innheimtu veggjalda.

Almenningssamgöngur milli byggða:

- 2.3.11 Leita skuli leiða til þess að tryggja samkeppnishæfni almenningssamgangna.
 2.3.12 Tryggja skuli samþættingu leiðakerfa og þjónustu almenningssamgangna í flugi, á sjó og landi. Fjárhagsleg ábyrgð og ábyrgð á skipulagi þjónustunnar fari saman.

Flug:

- 2.3.13 Menntun og rannsóknir í fluggreinum verði eflðar.
 2.3.14 Stefnt verði að því að Ísland sinni áfram þeirri loftrýmisþjónustu sem veitt er á Norður-Atlantshafssvæðinu.
 2.3.15 Samkeppnishæft rekstrarumhverfi verði í flugi þar sem gjaldtaka sé sambærileg við það sem gerist erlendis.
 2.3.16 Áfram verði unnið að fjölgun loftferðasamninga í samráði við flugrekendur.

2.4. Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Stefnt skuli að því að samgöngur verði umhverfislega sjálfbærar og dregið verði úr hnatt-rænum, svæðisbundnum og staðbundnum umhverfisáhrifum samgangna.

Áherslur til að ná þessum markmiðum:

Almennar áherslur:

- 2.4.1 Við hönnun, framkvæmd, rekstur og viðhald mannvirkja verði tekið tillit til umhverfissjónarmiða.
- 2.4.2 Stuðlað verði að því að skip verði tengd rafmagni í höfnum.
- 2.4.3 Mótuð verði stefna um hönnun vega á hálendi Íslands í samræmi við áherslur landsskipulagsstefnu.

Hnattræn umhverfisáhrif og loftslagsmál:

- 2.4.4 Unnið verði samkvæmt markmiðum aðgerðaáætlunar íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum um samgöngur.

Staðbundin og svæðisbundin umhverfisáhrif:

- 2.4.5 Áfram verði leitað leiða til að bæta staðbundin loftgæði og hljóðvist við þjóðvegi í þéttbýli í samstarfi við sveitarfélög.

Orkunýting og mengun:

- 2.4.6 Rannsóknir verði auknar á umhverfisvænum orkugjöfum, orkusparnaði og aðgerðum til að draga úr mengun.
- 2.4.7 Hugað verði að því hvernig megi lágmarka afleiðingar mengunarslysa frá samgöngum.

Aðlögun innviða að loftslagsbreytingum:

- 2.4.8 Horft verði til afleiðinga loftslagsbreytinga og leitað hagkvæmra leiða til að laga núverandi mannvirki að þessum breytingum með öryggi og notagildi í huga.

Almenningssamgöngur milli byggða:

- 2.4.9 Stuðlað verði að því að lágmarka umhverfisáhrif af rekstri almenningssamgangna.

Flug:

- 2.4.10 Ísland verði í fremsta flokki í umhverfismálum tengdum flugi og flugrekstri.
- 2.4.11 Stefnt verði að hvötum til orkuskipta í flugi þegar fullnægjandi tækni hefur verið þróuð.

Samgöngusáttmáli:

- 2.4.12 Stuðlað verði að því að ná loftslagsmarkmiði stjórnvalda um sjálfbært, kolefnis-hlutlaust borgarsamfélag með eflingu almenningssamgangna, deilihagkerfis í samgöngum og bættum innviðum fyrir aðra vistvæna samgöngumáta auk þess að hvetja til breyttra ferðavenja.

2.5. Markmið um jákvæða byggðapróun.

Stefnt verði að því að auka lífsgæði um land allt með bættum samgöngum og styrkja þann grunn sem nauðsynlegur er til að efla fjölbreytta atvinnu og bæta samkeppnishæfni, svo sem með betri aðgangi að þjónustu.

Áherslur til að ná þessum markmiðum:

Almennar áherslur:

- 2.5.1 Leitast verði við að styrkja samgöngur þannig að sem flestum landsmönnum sé kleift að nálgast nauðsynlega opinbera þjónustu á sem stystum tíma.
- 2.5.2 Unnið verði að styttingu ferðatíma innan vinnu- og skólasóknarsvæða.
- 2.5.3 Framkvæmdir og þjónusta samgöngukerfisins miði að því að auka öryggi og styrkja vinnu- og skólasóknarsvæði.
- 2.5.4 Mótuð verði stefna um vegi sem þjóna aðallega ferðamönnum.

Forgangsröðun í samgöngum með hliðsjón af kynbundnum áherslum:

- 2.5.5 Við forgangsröðun samgönguverkefna verði jafnréttissjónarmið höfð til hliðsjónar.
- 2.5.6 Leitað verði leiða til þess að efla hlut kvenna í samgöngum.

Almenningssamgöngur:

- 2.5.7 Samþætt almenningssamgöngukerfi á landi, í lofti og á sjó stuðli að jákvæðri byggðapróun og styrki vinnu- og skólasóknarsvæði.

3. GRUNNET SAMGANGNA

Flugvellir:

Flugvellir í grunnneti:

Keflavík	Húsavík
Reykjavík	Vopnafjörður
Bíldudalur	Egilsstaðir
Ísafjörður	Höfn í Hornafirði
Gjögur	Vestmannaeyjar
Akureyri	Þórshöfn
Grímsey	

Hafnir:

Hafnir í grunnneti:

Faxaflóahafnir	Ísafjarðarhöfn
Reykjavíkurhöfn	Skagastrandarhöfn
Grundartangahöfn	Sauðárkrókhöfn
Akranshöfn	Hafnir Fjallabyggðar
Snæfellsbæjarhafnir	Siglufjarðarhöfn
Rifshöfn	Hafnir Dalvíkurbyggðar
Ólafsvíkurhöfn	Dalvíkurhöfn (ferjuleið)
Grundarfjarðarhöfn	Árskógssandshöfn (ferjuleið)
Stykkishólmshöfn (ferjuleið)	Hafnasamlag Norðurlands
Vesturbyggðarhafnir	Hríseyjarhöfn (ferjuleið)
Brjánslækjarhöfn (ferjuleið)	Akureyrarhöfn
Bíldudalshöfn	Grímseyjarhöfn (ferjuleið)
Bolungarvíkurhöfn	Húsavíkurhöfn

Hafnir Langanesbyggðar
Þórshafnarhöfn
 Vopnafjarðarhöfn
 Seyðisfjarðarhöfn (ferjuleið til Evrópu)
 Hafnir Fjarðabyggðar
Norðfjarðarhöfn
Eskifjarðarhöfn
Reyðarfjarðar- /Mjóeyrarhöfn
Fáskrúðsfjarðarhöfn

Djúpavogshöfn
 Hornafjarðarhöfn
 Vestmannaeyjahöfn (ferjuleið)
 Landeyjahöfn (ferjuleið)
 Þorlákshöfn (ferjuleið, m.a. til Evrópu)
 Grindavíkurhöfn
 Sandgerðishöfn
 Reykjaneshöfn
 Hafnarfjarðarhöfn

Vegir:

Vegir í grunnneti:

Stofnvegir:

1	Hringvegur	75	Sauðárkróksbraut
22	Dalavegur	76	Siglufjarðarvegur
26	Sprengisandsleið	77	Hofsósbraut
	Þjórsárdalsvegur – Fjallabaksleið nyrðri		Siglufjarðarvegur – Lindargata
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	82	Ólafsfjarðarvegur
31	Skálholtsvegur		Hringvegur – Hornbrekka
32	Þjórsárdalsvegur	83	Grenivíkurvegur
33	Gaulverjabæjarvegur	85	Norðausturvegur
34	Eyrbakkavegur	87	Kísilvegur
35	Biskupstungnabraut	92	Norðfjarðarvegur
36	Þingvallavegur	93	Seyðisfjarðarvegur
37	Laugarvatnsvegur	94	Borgarfjarðarvegur
38	Þorlákshafnarvegur	95	Skriðdals- og Breiðdalsvegur
39	Þrengslavegur	97	Breiðdalsvíkurvegur
40	Hafnarfjarðarvegur		Hringvegur – Sæberg
41	Reykjanesbraut	98	Djúpavogsvegur
43	Grindavíkurvegur	99	Hafnarvegur
44	Hafnavegur	205	Klausturvegur
45	Garðskagavegur		Hringvegur – Skaftárvellir
	Reykjanesbraut – Sandgerðisvegur	208	Skaftártunguvegur
47	Hvalfjarðarvegur		Hringvegur – Búlandsvegur
49	Nesbraut	254	Landeyjahafnarvegur
50	Borgarfjarðarbraut	261	Fljótshlíðarvegur
51	Akrafjallsvegur		Hringvegur – Öldubakki
52	Uxahryggjavegur	343	Álfsstétt
	Kaldadalsvegur – Þingvallavegur		Eyrbakkavegur – Túngata (eystri endi)
54	Snæfellsnesvegur	355	Reykjavegur
56	Vatnaleið	359	Bræðratunguvegur
58	Stykkishólmsvegur	365	Lyngdalsheiðarvegur
60	Vestfjarðavegur	376	Breiðamörk
61	Djúpvegur		Hringvegur – Sunnumörk
62	Barðastrandarvegur	379	Hafnarvegur Þorlákshöfn
63	Bíldudalsvegur	409	Fossvogsbraut
64	Flateyjarvegur	411	Arnarnesvegur
65	Súgandafjarðarvegur	413	Breiðholtsbraut
	Vestfjarðavegur – Sætún	414	Flugvallarvegur Reykjavík
67	Hólmavíkurvegur	418	Bústaðavegur
68	Innstrandavegur	421	Vogavegur
72	Hvammstangavegur	423	Miðnesheiðarvegur
74	Skagastrandarvegur	424	Keflavíkurvegur

- 427 Suðurstrandarvegur
 429 Sandgerðisvegur
 450 Sundabraut
 453 Sundagarðar
 454 Holtavegur
 458 Brautarholtsvegur
 Hringvegur – Hofsglund
 470 Fjarðarbraut
 506 Grundartangavegur
 509 Akranesvegur
 511 Hvanneyrarvegur
 518 Hálsasveitarvegur
 573 Rifshafnarvegur
 574 Útnesvegur
 Hellissandur – Snæfellsnesvegur
 606 Karlseyjarvegur
 Reykhólasveitarvegur – Hellisbraut
 607 Reykhólasveitarvegur
 Vestfjarðavegur – Karlseyjarvegur
 617 Tálknafjarðarvegur
 Bildudalsvegur – Strandgata 2
 619 Ketildalavegur
 Bildudalsvegur – Langahlíð
 622 Svalvogavegur
 Vestfjarðavegur – Flugvallarvegur
 623 Flugvallarvegur Þingeyri
 631 Flugvallarvegur Ísafirði
 636 Hafnarvegur Ísafirði
 731 Svínvetningabraut
 Kjalvegur – Hringvegur
 744 Þverárfallsvegur
 749 Flugvallarvegur Sauðárkróki
 767 Hólavegur
 Siglufjarðarvegur – Hólar
 792 Hafnarvegur Siglufirði
 801 Hafnarvegur Hrísey
 808 Árskógssandsvegur
 809 Hauganesvegur
 Ólafsfjarðarvegur – Lyngholt
 810 Hafnarvegur Dalvík
 819 Hafnarvegur Akureyri
 820 Flugvallarvegur Akureyri
 821 Eyjafjarðarbraut vestri
 Hringvegur – Miðbraut
 823 Miðbraut
 829 Eyjafjarðarbraut eystri
 Hringvegur – Miðbraut
 830 Svalbarðseyrarvegur
 Hringvegur – Laugartún
 842 Bárðardalsvegur vestri
 845 Aðaldalsvegur
 859 Hafnarvegur Húsavík
 869 Langanesvegur
 Norðausturvegur – Flugvallarvegur
 870 Sléttuvegur
 Norðausturvegur – Kópaskersvegur
 870 Kópaskersvegur
 871 Flugvallarvegur Þórshöfn
 874 Rauфарhafnarvegur
 Norðausturvegur – Höfðabraut
 917 Hlíðarvegur
 918 Hafnarvegur Vopnafirði
 941 Flugvallarvegur Egilsstöðum
 952 Hánefsstaðavegur
 Seyðisfjarðarvegur á Fjarðaröldu – Seyðis-
 fjarðarvegur við Ferjubryggju
 955 Vattarnesvegur
 Ytri vegamót Skólavegar – Suðurfjarðar-
 vegur Fáskrúðsfirði
 982 Flugvallarvegur Hornafirði
 5033 Hagamelsvegur
 Hringvegur – Lækjarmelur
 5240 Bifrastarvegur
 9572 Mjóeyrarvegur
- Stofnvegir um hálendi:*
 F26 Sprengisandsleið
 35 Kjalvegur
 F208 Fjallabaksleið nyrðri (hluti nr. 208)
 550 Kaldadalsvegur
- Ferjuleiðir og eftirtaldar hafnir eru hluti af grunnnetinu:*
 Vestmannaeyjar – Landeyjahöfn/Þorlákshöfn,
 Hrísey – Árskógsströnd,
 Grímsey – Dalvík,
 Stykkishólmur – Brjánslækur.

4. FJÁRMÁL SAMGÖNGUÁÆTLUNAR – SUNDURLIÐUN ÚTGJALDA

4.1. Samgöngustofa.

Tafla 1 – Fjármál Samgöngustofu.

<i>Verðlag fjárlaga fyrir árið 2020 (millj. kr.).</i>	1. tímabil 2020–2024	2. tímabil 2025–2029	3. tímabil 2030–2034	Samtals
Tekjur				
Ríkisframlag	6.475	6.479	6.479	19.433
Rekstrartekjur	6.726	6.726	6.726	20.178
Tekjur samtals	13.201	13.205	13.205	39.611
Gjöld				
Rekstur, stjórnþyngsla og þjónusta	3.385	3.389	3.389	10.163
Forvarnir og öryggisáætlanir Íslands	1.132	1.132	1.132	3.396
Eftirlit með innlendum aðilum	4.010	4.010	4.010	12.030
Eftirlit með erlendum aðilum	343	343	343	1.029
Þjónusta og skrár í umsjón Samgöngustofu	4.160	4.160	4.160	12.480
Rannsóknir og þróun. Umhverfismál	171	171	171	513
Rekstur samtals	13.201	13.205	13.205	39.611

4.2. Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.

Tafla 2 – Tekjur og gjöld flugmála.

<i>Verðlag fjárlaga fyrir árið 2020 (millj. kr.).</i>	1. tímabil 2020–2024	2. tímabil 2025–2029	3. tímabil 2030–2034	Samtals
Tekjur				
Ríkisframlag	12.305	12.318	12.318	36.941
Framlag úr Almenna varasjóðnum	846	0	0	846
Notendagjöld	3.013	3.000	3.000	9.013
Tekjur samtals	16.164	15.318	15.318	46.800
Gjöld				
Rekstur alls	12.920	12.920	12.920	38.760
Viðhald og stofnkostnaður	3.244	2.398	2.398	8.040
Gjöld alls	16.164	15.318	15.318	46.800

4.3. Vegagerðin.

Tafla 3 – Fjármál Vegagerðarinnar.

<i>Tekjur og framlög.</i>	1. tímabil 2020–2024	2. tímabil 2025–2029	3. tímabil 2030–2034	Samtals 2020–2034
<i>Verðlag fjárlaga fyrir árið 2020 (millj. kr.).</i>				
10-211 Vegagerðin				
Rekstrarframlög	51.092	53.793	58.903	163.788
Fjárfestingarframlög	119.793	135.361	140.477	395.631
Framlag úr Almenna varasjóðnum	5.257	0	0	5.257
Framlög úr ríkissjóði samtals:	176.142	189.154	199.380	564.676

<i>Tekjur og framlög.</i>	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	Samtals
<i>Verðlag fjárlaga fyrir árið 2020 (millj. kr.).</i>	2020–2024	2025–2029	2030–2034	2020–2034
Almennar sértekjur	2.114	2.114	2.114	6.342
Tekjur af Landeyjahöfn	50	50	50	150
Sértekjur samtals:	2.164	2.164	2.164	6.492
Til ráðstöfunar samtals:	178.306	191.318	201.544	571.168

10-241 Hafnarframkvæmdir

Rekstrarframlög	5.105	4.558	4.558	14.220
Framlag úr Almenna varasjóðnum	404	0	0	404
Framlög úr ríkissjóði samtals:	5.508	4.558	4.558	14.624
Til ráðstöfunar samtals:	5.508	4.558	4.558	14.624

Tafla 4 – Skipting útgjalda Vegagerðarinnar.

<i>Verðlag fjárlaga fyrir árið 2020 (millj. kr.).</i>	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	Samtals
	2020–2024	2025–2029	2030–2034	2020–2034

10-211 Vegagerðin**Rekstur:**

Almennur rekstur	4.333	4.690	4.690	13.713
Stjórn og undirbúningur				
Sértekjur				
Vaktstöð siglinga				
Viðhald vita og leiðsögukerfa				
Rekstur Landeyjahafnar				
Rannsóknir				
Þjónusta	30.007	31.814	35.125	96.946
Svæði og rekstrardeild				
Sértekjur				
Almenn þjónusta				
Vetrarþjónusta				
Styrkir til almenningsamgangna	16.801	17.289	19.088	53.178
Ferjur				
Sérleyfi á landi				
Innanlandsflug				
Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu				

Fjárfestingar:

Framkvæmdir á vegakerfinu				
Viðhald	53.710	55.735	61.536	170.981
Nýframkvæmdir	67.205	76.552	75.548	219.305

<i>Verðlag fjárlaga fyrir árið 2020 (millj. kr.).</i>	1. tímabil 2020–2024	2. tímabil 2025–2029	3. tímabil 2030–2034	Samtals 2020–2034
Framkvæmdir við vita og hafnir	3.601	2.803	3.094	9.498
Vitabyggingar				
Sjóvarnargarðar				
Landeyjahöfn				
Ferjubryggjur				
Hafna- og strandrannsóknir				
Botndælubúnaður við Landeyjahöfn	355	271	299	925
Bíldudalur – Landfylling austan hafnar	129			129
Samtals Vegagerðin 10-211:	176.145	189.154	199.380	564.679
10-241 Hafnarframkvæmdir				
Rekstur				
Hafnabótasjóður	5.508	4.558	4.558	14.624
Samtals hafnarframkvæmdir 10-241:	5.508	4.558	4.558	14.624

Útgjöld vegna framkvæmda.

Tafla 5 – Sundurlíðum verkefna.

Suðursvæði I.

Vegnr.	Kafllanr.	Vegheiti Kaflahætti	Lengd kaflla [km]	Eftirstöðvar kostnaðar 1.1.2020				Hönnunarstig lokjó			Öryggi	Greiðfermi	Umhverfi	Byggingamáli
				[m.kr.]	1. tímabil 2020–2024	2. tímabil 2025–2029	3. tímabil 2030–2034	1. tímabil 2020–2024	2. tímabil 2025–2029	3. tímabil 2030–2034				
1		Undirbúningur verka utan áætlunar Hringvegur		860	260	300	300							
a1		Um Núpsvötn	0,5	750	20	730		Skilgreining	X	X				
a3–a4		Fossálar – Hörgsá	8	850		850		Frumdrög	X	X				
a4		Um Breiðalækvísl	0,5	600		600		Frumdrög	X	X			X	
b2–b4		Um Mýrdal*	13,3	(6.500–8.000)	100			Frumdrög	X	X				
b4		Um Gatnabrún og öryggisaðgerðir Vík	2,5	500	500			Frumdrög	X	X				
b5		Jökulsá á Sólheimasandi	0,5	550	550			Frumdrög	X	X				
b7		Hringtorg við Landvegamót	0,7	200	180			Frumdrög	X	X				
c3		Um Hellu, hringtorg	0,7	270		250		Skilgreining	X	X				
c4–d1		Hella – Skeiðavegamót	20	8.000			8.000	Skilgr./Frumdr.	X	X				
d2		Skeiðavegamót – Selfoss	13	5.200		5.200		Skilgr./Frumdr.	X	X				
d2–d5		Norðautan Selfoss, brú yfir Ölfúsá**	5	6.000	20			Forhönnun	X	X			X	
d6		Biskupstungnabraut – Varmá	8,9	5.450	5.450			Verkhönnun	X	X				
d6–d8		Varmá – Kambar	3,0	2.700	2.400	300		Forhönnun	X	X				
30		Skeiða- og Hrunamannavegur												
04		Um Stóru-Laxá	0,6	540	30	510		Frumdrög	X	X				
05		Hringtorg Flúðum	0,2	200	10	150		Skilgreining	X	X				
08		Eimholtsvegur – Biskupstungnabraut	4,4	350	250			Verkhönnun	X	X				
34		Eyrarbakkavegur												
01–02		Hringtorg og undirgöng við Suðurhóla	1	220	220			Frumdrög	X	X				
02		Hringtorg við Bjarkarland og Víkurheiði		100	10									
35		Biskupstungnabraut												
08		Um Geysissvæðið og Tungufjót	5	(1.100)		1.100		Skilgr./Frumdr.	X	X				
355		Reykjavegur												
01		Biskupstungnabraut – Laugarvatnsvegur	8	200	200			Verkhönnun	X	X			X	
				Samtals Suðursvæði I	10.200	9.990	8.300							

* Leitað verði leiða til að fjármagna hringveg um Mýrdal og jarðgöng í Reynisfjalli í samstarfi við einkaaðila.

** Leitað verði leiða til að fjármagna hringveg norðaustan Selfoss og brú yfir Ölfúsá í samstarfi við einkaaðila.

Suðursvæði II.

Vegnr.	Vegheiti	Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Eftirstöðvar				Hönnunarstig lokið	Öryggi	Greiðfermi	Umhverfi	Bygðamál
				1.1.2020		3. tímabil						
				[m.kr.]	2020–2024	2025–2029	2030–2034					
1	Hringvegur	Undirbúningur verka utan áætlunar		750	250	250	250					
e1–e2	Fossvellir – Norðlingavað		8,6	4.000	110	3.890		Skilgr./Frumdr.	X X			
f5	Um Kjalarnes		8	4.000	4.000			Frumdrög	X X			
36	Þingvallavegur											
12	Í Mosfellsdal, tvö hringtorg og undirgöng			450		450		Skilgreining	X X			
41	Reykjanesbraut											
12/13	Fjarðarhraun – Mjódd			60	30							
15	Tenging við Alhelli			150	150			Frumdrög	X X			
15	Krýsuvíkurvegur – Hvassahraun		5,5	3.000	110	2.890		Skilgr./Frumdr.	X X			
19–21	Fítjar – Rósaselstorg		4,5	3.000		3.000		Frumdrög	X X			
413	Breiðholtsbraut											
01	Hringvegur – Jaðarsei			60	30							
417	Bláfjallavegur og											
407	Bláfjallaleið			50	50			Frumdrög	X X	X X		
450	Sundabraut*		12,7									
	Framlag ríkis til Samgöngusáttmála				11.000	10.000	8.000		X X	X X	X X	
	Samtals Suðursvæði II				15.730	20.480	8.250					

* Unnið að því að fjármagna Sundabraut í samstarfi við einkaaðila.

Vestursvæði.

Vegnr.	Vegheiti	Lengd kafla [km]	Eftirstöðvar kostnaðar 1.1.2020				Hönnunarstig			Öryggi	Greiferni	Umhverfi	Bygðamaðl
			[m.kr.]	1. tímabil 2020–2024	2. tímabil 2025–2029	3. tímabil 2030–2034	lokjó						
1	Undirbúningur verka utan áætlunar		920	260	310	350							
	Hringvegur												
f8	Tvöföldun Hvalfjarðarganga*		8.000		3.400	4.600							
g1–g5	Akrafallsvegur – Borgarnes	30	1.500			1.500							X X
g6–g7	Um Borgarnes	4,5	150	150									X X X
g6–g7	Um Borgarnes, öryggisaðgerðir		350	350									X X X
h4	Um Heiðarsporð (Biskupsbeygja)	2,5											X X
52	Uxahryggjavegur		1.850		1.850								X X
04	Brautartunga — Kaldadalsvegur	23,0											X X
54	Snæfellsnesvegur		70	70									X X
10	Um Fróðárheiði		(4.000)	100	850	3.100							X X
18–22	Skógarströnd	50											X X
60	Vestfjarðavegur												X X
25–28	Um Gufudalssveit	25,8	7.200	7.200									X X
35–37	Dynjandisheiði	35,2	5.800	5.600	200								X X
44	Um Bjarnardalsá í Önundarfirði		290	250									X X
61	Djúpvvegur		350	350									X X
35	Um Hattardalsá	2											X X
63	Bíldudalsvegur		390	280									X X
02	Um Botnsá í Tálknafirði		4.800		4.800								X X
04–06	Bíldudalsflugvöllur – Vestfjarðavegur	30,0											X X
68	Innstrandavegur		300	300									X X
10	Heydalsá – Þorpar	5,0											X X
509	Akranesvegur		500	500									X X
02	Faxabraut, hækkun vegar og sjóvörn	0,6											X X X
612	Örlygshafnarvegur		150	150									X X
03	Um Hvallátur	2,1											X X
643	Strandavegur		750	300	450								X X
06	Um Veitðileysuháls	12,0											X X
			Samtals Vestursvæði	15.560	12.160	9.550							

* Leitað verði leiða til að fjármagna tvöföldun Hvalfjarðarganga í samstarfi við einkaaðila.

Norðursvæði.

Vegnr.	Vegheiti Kaflanr.	Lengd kafla [km]	Eftirstöðvar				Hönnunarstig lokið	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Bygðamál
			kostnaðar [m.kr.]	1. tímabil 2020–2024	2. tímabil 2025–2029	3. tímabil 2030–2034					
1	Undirbúningur verka utan áætlunar Hringvegur		920	260	310	350					
q6 r6	Um Skjálfandafjót Jökulsá á Fjöllum	2	800 2.200	40 25	2.200			X X			
73	Þverárfallsvegur um Refasveit og Skagastrandarvegur um Laxá	16,3	1.700	1.600				X X			
85	Norðausturvegur										X
02–03 06	Um Skjálfandafjót Um Köldukvíslargil	9,5	2.200 255		2.200			X X X X			
27	Brekknahéði	7,6	1.100	1.100				X X			
711	Vatnsnesvegur	60	3.000		500	2.500		X X			X
815	Ýmsir staðir										
01	Hörgárdalsvegur	4	250	250				X X			
829	Skriða – Brakandi Eyjafjarðarbraut vestri	1,8	300	300				X X			
02	Um Hrafnagil										
842	Bárdaldsvegur vestri	37	1.600		900	700		X X			
01–04	Hringvegur – Sprengisandsleið										
862	Dettifossvegur										
02–03	Súlnalækur – Ásheiði	14,6	950	950				X X			X
			Samtals Norðursvæði			4.590	6.110	3.550			

Austursvæði.

Vegnr.	Vegheiti	Lengd kafla [km]	Eftirstöðvar			Hönnunarstig lokjó	Öryggi	Greifðefni	Umhverfi	Bygðamál
			kostnaðar [m.kr.]	1. tímabil 2020–2024	2. tímabil 2025–2029					
Kaflar.	Kaflaheiti	kafli								
1	Undirbúningur verka utan áætlunar		920	260	310	350				
	Hringvegur									
t3	Lagarfljót	4,5	2.000	220		2.000	Skilgreining	X	X	
u0–u7	Reyðarfjörður – Breiðdalsvík	41,0	4.800			4.800	Frumdrög	X	X	
v4–v5	Um Berufjarðarbotn	4,7	100	100			Frumdrög	X	X	
x1–x2	Um Hvalnes- og Þvottárskríður	0,2	150	150			Frumdrög	X	X	
x3–x4	Um Lón	16,0	3.300			3.300	Frumdrög	X	X	
x6–x9	Um Hornafjarðarfljót*	18	2.450 (50%)	2.450			Verkhönnun	X	X	X
y2	Um Steinavötn		350	350			Verkhönnun	X	X	
y7–y9	Kotá – Morsá	12	1.600			1.600	Skilgr./Frumdr.	X	X	
92	Norðfjarðarvegur									
04	Um Grænafell, snjóflóðavarnir		200		200		Frumdrög	X	X	
94	Borgarfjarðarvegur									
03–04	Eiðar – Laufás	14,7	750	430	320		Skilgr./Frumdr.	X	X	
06–07	Um Vatnsskarð	8,8	200	220			Verkhönnun	X	X	
95	Skriðdals- og Breiðdalsvegur									
02	Um Gilsá á Völlum		285	15						
917	Hlíðarvegur									
01–06	Ýmsir staðir	20	1.200				Skilgreining	X	X	
923	Jökuldalsvegur									
01	Gilsá – Arnórstaðir	3,4	280	280			Frumdrög	X	X	
931	Upphéraðsvegur									
02–09	Ýmsir staðir	4,5	270		270		Skilgr./Frumdr.	X	X	
939	Axarvegur									
01–02	Um Öxi*	20	1.400 (50%)	1.400			Frumdrög	X	X	X
			Samtals Austursvæði	5.875	1.100	13.250				
			Samtals almenn verkefni	51.955	49.840	42.900				

* Leitað verði leiða til að fjármagna Axarveg og hringveg um Hornafjarðarfljót í samstarfi við einkaaðila (50%).

Tafla 6 – Framkvæmdáætlun Samgöngusáttmála 2020–2034.
 Framkvæmdir að hluta fjármagnaðar af samgönguáætlun. Bein framlög af samgönguáætlun til Samgöngusáttmála, sjá töflu 5.

Vegnr.	Kafllanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Lengd kafla [km]	Eftirstöðvar kostnaðar 1.1.2020 [m.kr.]				Hönnunartíð lokjó			Öryggi	Orlöfsemi	Umhverfi	Bygðamál
				1. tímabil 2020–2024	2. tímabil 2025–2029	3. tímabil 2030–2034	1. tímabil 2020–2024	2. tímabil 2025–2029	3. tímabil 2030–2034					
1		Hringvegur												
e2		Norðlingavað – Bæjarháls	2	1.200	1.090	1.200	1.090	1.200	1.090	1.200	1.090	X	X	X
e3		Bæjarháls – Vesturlandsvegur	1	1.090	350	1.090	350	1.090	350	1.090	350	X	X	X
f3		Skarhólabraut – Hafravatnsvegur*	1,8	750		750		750		750		X	X	X
40		Hafnarfjarðarvegur										X	X	X
41		Stokkur í Garðabæ		7.600		7.600		7.600		7.600		X	X	X
		Reykjanesbraut										X	X	X
04–11		Holtavegur – Stekkjarbakki		2.200	2.200	2.200	2.200	2.200	2.200	2.200	2.200	X	X	X
12		Gatnamót við Bústaðaveg		1.100	1.100	1.100	1.100	1.100	1.100	1.100	1.100	X	X	X
12		Undirgöng í Kópavogi – skuld*		13.100	500	12.600	500	12.600	500	12.600	500	X	X	X
13		Álftanesvegur – Lækjargata		1.600	1.600	1.600	1.600	1.600	1.600	1.600	1.600	X	X	X
14		Kaldárselsvegur – Krýsuvíkuvegur*	3,3									X	X	X
49		Miklabraut										X	X	X
03–04		Stokkur		21.800	12.500	9.300	12.500	9.300	12.500	9.300	12.500	X	X	X
411		Arnamesvegur		1.600	1.600	1.600	1.600	1.600	1.600	1.600	1.600	X	X	X
		Rjúpnavegur – Breiðholtsbraut	1,3									X	X	X
		Borgarlína										X	X	X
		Ártún – Hlemmur*	5,2	8.300	8.300	8.300	8.300	8.300	8.300	8.300	8.300	X	X	X
		Hamraborg – Hlemmur*	7,9	8.200	8.200	8.200	8.200	8.200	8.200	8.200	8.200	X	X	X
		Mjódd – BSÍ	4,5	8.400	1.600	6.800	1.600	6.800	1.600	6.800	1.600	X	X	X
		Fjörður – Miklabraut	7,9	9.400	3.600	7.800	3.600	7.800	3.600	7.800	3.600	X	X	X
		Ártún – Spöng	4,8	5.300	3.600	1.100	3.600	1.100	3.600	1.100	3.600	X	X	X
		Hamraborg – Lindir	2,8	3.600	3.360	1.680	3.360	1.680	3.360	1.680	3.360	X	X	X
		Borgarlína um Keldur og Blikastaðaland	8,4	5.800	2.070	2.580	2.070	2.580	2.070	2.580	2.070	X	X	X
		Hjóla- og göngustígar		6.000	750	750	750	750	750	750	750	X	X	X
		Umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisáðgerðir*		6.810	2.070	2.160	2.070	2.160	2.070	2.160	2.070	X	X	X
		Göngubrýr og undirgöng*		2.100	750	600	750	600	750	600	750	X	X	X
							Samtals Samgöngusáttmáli	48.820	48.110	48.820	18.620			

* Verkefni að hluta eða öllu leyti fjármögnuð í samgönguáætlun 2019–2023 fyrir árið 2019.



Samþykkt á Alþingi 29. júní 2020.